

Ed.

72. Breytingartillaga

[42. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjármálaráðherra.

Aftan við 4. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim erlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu. Allir þeir, er hafa þá aðila er hér um ræðir í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, eru skyldir til að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til lúkningar gjöldum hans. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupum launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessu ákvæði.